



Rannsóknir nýsköpun & greining



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafísk hönnun - Svansprent




rannís
www.rannis.is

RANNÍS veitir stuðning við rannsóknir, rannsóknartengt nám, tækniþróun og nýsköpun. Stofnunin er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs og hefur það hlutverk að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu ráðsins. RANNÍS aðstoðar vísinda- og tæknisamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að kynna áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag.

Forsenda aukinna lífsgæða er öflun þekkingar og aukinn skilningur á okkur sjálfum og samfélaginu sem við búum í. Efnahagslegar framfarir byggjast á nýsköpun, ekki síst þar sem rannsóknir og þróunarstarf er forsenda. RANNÍS er mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem treystir stoðir íslensks þekkingarþjóðfélags til framfara og aukinna lífsgæða.

RANNÍS heyrir undir menntamálaráðherra og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003.

Starfsemi RANNÍS skiptist í þrjú meginsvið: umsýslu sjóða, greiningu og alþjóðastarf, en sameiginlegt markmið sviðanna er að efla samstarf hagsmunaaðila við undirbúning og framkvæmd opinberrar vísinda- og tæknistefnu. Markmiðin nást því aðeins að kynningarstarf á rannsóknarstarfseminni sé umfangsmikið en RANNÍS leggur áherslu á öfluga heimasíðu (www.rannis.is) ásamt því að annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan.



RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ RANNÍS hefur með höndum daglega umsýslu helstu samkeppnissjóða sem veita styrki til íslenskra rannsókna og tækniþróunar:

- **Rannsóknasjóður**
- **Tækniþróunarsjóður**
- **Tækjasjóður**
- **Rannsóknarnámssjóður**
- **Nýsköpunarsjóður námsmanna**
- **Launasjóður fræðiritahöfunda**

RANNÍS þjónustar stjórnir og fagráð sjóðanna auk þess að annast rekstur og samskipti við umsækjendur og styrkþega. Þá sér stofnunin um framkvæmd og skipulag á matsferli, samningsgerð og eftirfylgni styrktra verkefna en úthlutun sjóðanna byggist ávallt á faglegu mati á gæðum verkefna.


RANNÍS annast auk þess rekstur nokkurra sjóða sem beinast að sértækum sviðum. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu RANNÍS.

Þá hefur menntamálaráðherra falið RANNÍS umsjón með framkvæmd sérstakra markáætlana á sviðum vísinda- og tæknirannsókna:

- **Markáætlun um erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni (2007-2010)**
- **Markáætlun um öndvegissetur og rannsóknaklasa (2009-2015)**

GREININGARSVIÐ RANNÍS annast gagnaöflun, úrvinnslu, greiningu og miðlun upplýsinga um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun. Sviðið aflar auk þess upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi:

- **Gerðar eru athuganir á þekkingarsamfélaginu, innviðum þess og þróun**



- Metin eru áhrif vísinda og nýsköpunar á samfélagið, m.a. með mati á árangri sjóða og annarra stuðningsaðgerða
- Gerðar eru bæði sviðs- og svæðisbundnar athuganir sem ná til vísinda, vísindamenntunar, tækniþróunar, nýsköpunar og tengdra sviða

Þá tekur RANNÍS þátt í alþjóðlegu samstarfi um umfang, stöðu og þróun vísinda, tækni og nýsköpunar auk tengdra málefna. Sem dæmi um alþjóðlegan samstarfsvettvang má nefna OECD, Eurostat, ESB og ýmsar norrænar stofnanir.

ALÞJÓÐASVIÐ RANNÍS stuðlar að aukinni þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar. Hér má nefna samstarf við evrópskar rannsóknaráætlanir og sjóði sem RANNÍS annast fyrir hönd Íslands (öll meginsvið stofnunarinnar koma þar að málum):

- **7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins (2007-2013)**
- **Jules Verne – Samstarfssamningur við Frakkland**
- **COST – Evrópusamstarf á sviði vísinda- og tæknirannsókna**
- **ESF – Evrópska vísindastofnunin**
- **EMBO – Sameindalíffræðisamtök Evrópu**
- **EMBL – Sameindalíffræðistofnun Evrópu**
- **ERA-Net**

Þá taka meginsvið RANNÍS þátt í samstarfi við norrænar samstarfsnefndir og rannsóknarráð á borð við:

- **NOS – Samstarfsnefndir norrænu vísindaráðanna á fjórum helstu fagsviðum grunnvísinda**
- **NICe – Norræna nýsköpunarmiðstöðin**
- **NordForsk – Norræna rannsóknarráðið**

RANNÍS veitir enn fremur almennar upplýsingar og ráðgjöf um styrkjamöguleika Íslendinga erlendis.

